

Miðvikudaginn 13. janúar 1971.

Nr. 226/1970. **Valdstjórnin**

gegn

Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. desember 1970, sem barst Hæstarétti 29. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. desember 1970.

Ár 1970, mánudaginn 28. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldsyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Laugardaginn 26. desember s.l. var hringt til lögreglunnar í Reykjavík vegna ölvaðra manna á Hverfisgötu 16. Er lögreglumennt komu á staðinn, hittu þeir 2 drengi, Jóhann Sigfús Sigdórsson og Kristján Róbert Wolsh. Kváðust drengir þessir hafa veitt athygli 2 mönnum, er höfðu komið hlaupandi út úr porti á bak við hús nr. 14 við Hverfisgötu með tvær farangurstöskur meðferðis. Hlupu mennirnir vestur á Arnarhólstún. Bifreiðinni Y 2576 hafði verið lagt í porti á bak við hús nr. 14 við Hverfisgötu. Hafði verið gerð tilraun til þess að stela bifreiðinni og við það valdið á henni einhverjum skemmdum. Eigandi bifreiðarinnar, Hrafnkell Tryggvason, var staddur í húsinu nr. 14 við Hverfisgötu. Hrafnkell sá 2 menn hlaupa út úr portinu við húsið og tók eftir því, að búíð var að færa bifreið hans úr stað.

Lögreglumennt veittu hinum tveim mönnum eftirför og náðu

öðrum við Borgarbílastöðina, en hinn komst undan. Reyndist hinn handtekni maður vera Guðmundur Rúnar Sveinsson, Mávahlíð 35 hér í borg, fæddur 14. apríl 1952. Í töskunni, sem hann hafði meðferðis, reyndust vera sex lengjur af Camel vindlingum og níu pakkar af Viceroy vindlingum.

Í gær, sunnudaginn 27. desember, viðurkenndi Guðmundur Rúnar Sveinsson að hafa brotízt inn í herbergi í húsinu nr. 16 við Hverfisgötu ásamt Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni og stolið þar tösku með vindlingum í. Þá viðurkenndi Guðmundur Rúnar Sveinsson, að þeir Óskar hefðu reynt að stela bifreið, er stóð í portinu við hús nr. 14 við Hverfisgötu.

Í dag mætti hjá rannsóknarlögreglunni Hallfreður Jón Oddsson, sem býr í herberginu, sem stolið var úr. Kvað hann, að stolið hefði verið frá sér kr. 4.000.00 úr peningakassa, gylltum kveikjara af Ronson gerð, einhverju af fötum auk töskunnar með vindlingunum í.

Í dag hefur Óskar Elías Héðinn Guðmundsson neitað allri þátttöku í innbroti þessu.

Rannsókn máls þessa er ekki nærri lokið og m. a. eftir að yfirheyra 3 vitni, sem öll búa utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Óskar Elías Héðinn Guðmundsson er grunaður um brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og getur brot hans varðað fangelsisrefsingu. Er því fullnægt skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæzluvarðhald.

Nauðsyn þykir bera til með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða Óskar Elías Héðinn Guðmundsson í gæzluvarðhald.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 10 dögum.

Úrskurðarorð:

Óskar Elías Héðinn Guðmundsson sæti gæzluvarðhaldi allt að 10 dögum.
